



Bandalag íslenskra listamanna

Federation of Icelandic artists

Reykjavík 18. október 2020

Efni: Umsögn Bandalags íslenskra listamanna um fjármálaáætlun 2021-25 og fjármálafrumvarp 2020

Umsögn um Fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarp

Bandalag íslenskra listamanna eru regnhlífarsamtök listamanna úr öllum listgreinum. Í BÍL eru 3.700 listamenn. BÍL hefur samningsbundið hlutverk gagnvart mennta- og menningarmálaráðuneyti, er ráðuneytinu til ráðgjafar um allt er varðar listir og veitir stjórnvöldum, ráðgjöf og umsagnir um málaflokkinn.

Það er sérstakt að rýna samtímis fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarp, en að mörgu leiti hentugt að geta fengið samtímis í hendurnar fyrirheitin og verkáætlunina.

Margt er ánægjulegt að finna í frumvörpunum og greinilegt að margt í málflutningi listamanna er að ná eyrum stjórnvalda. Ýmislegt sem orðað er bæði í fjármálaáætluninni og fjárlagafrumvarpinu geta listamenn tekið heilshugar undir. Áherslan á mikilvægi tungumálsins og aðgengi barna að menningu og listsköpun eru líklega ein mikilvægustu viðfangsefnin okkar á komandi tímum, sérstaklega með það í huga að í dag er fjölbreytileiki barna og ungmenna meiri en við höfum áður þekkt í sögunni og því mikilvægt að halda sérstaklega vel utan um þennan hóp. Þar gegnir menning og listsköpun lykilhlutverki. Að þroska, auka víðsýni, efla skilning og umburðarlyndi er forsenda mannaúðs og lýðheilsu framtíðarinnar.

Húsnæði safna

Í fjármálaáætlun er bent á þá staðreynd að geymsluaðstaða, varðveisla og umgengni við menningarverðmæti þjóðarinnar sé verulega ábótavant, svo ekki sé fastara að orði kveðið. Bandalag íslenskra listamanna fagnar því að nú eigi að gera gangskör í að bæta þar úr, eins og tilgreint er í fjármálaáætlun. Listamenn og samtök þeirra hafa bent á þetta árum saman, í hverskyns ólestri varðveisla listaverka og menningarverðmæt sé. Í fjármálafrumvarpi fyrir 2021 eru eingöngu ætlaðar

75 milljónir í þetta mikilvæga verkefni. Það sjá allir að sé mönnum alvara með því að bæta úr er þetta verkefni mun umfangsmeira og eingöngu er verið að velta á undan sér vanda sem ekki verður komist hjá að leysa.

Til aðgerða þarf að grípa strax svo menningarverðmætum og sögu þjóðarinnar sé tryggð varðveisla og örugg geymsla.

Menningarstofnir

Menningarstofnanir sem heyra beint undir rekstur ráðuneytis, eins og Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands, tala að mestu fyrir sig sjálfar en BÍL getur þó ekki annað en lýst verulegum áhyggjum af stöðu stofnananna, enda eru þær starfsvettvangur fjölda sjálfstætt starfandi listamanna í öllum greinum.

Flestar okkar menningarstofnanir eru reknar með hærra hlutfalli sjálfsaflafjár en almennt gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Það má því gera ráð fyrir að staða stofnanna sé verulega slæm, nú þegar samkomubann hefur gilt meira og minna frá því í vor. Langstærstur hluti starfsmanna þessarar stofnana eru lausráðnir listamenn, sem ráðnir eru tímabundið í verkefni, höfundar, tónskáld, myndlistarmenn, tónlistarmenn og leikarar. Í þeim vanda sem stofnanirnar eru fyrirjáanlega komnar í, er ljóst að þessi hópur mun fyrst finna fyrir niðurskurði og samdrætti, hann stendur algjörlega berskjaldaður og samningslaus.

Tryggja þarf menningarstofnunum fjármagn til að sá kostnaður sem nú er að hlaðast upp hindri ekki að þær geti hafist handa af fullum krafti þegar kófinu léttir.

Barnamenning

Barnamenning fær sérstaka athygli, bæði undir hatti menningarstofnana og starfsemi menningarsjóða, og BÍL fagnar því. Það hefur aldrei staðið á listamönnum að axla þá ábyrgð að sinna barnamenningu og listsköpun fyrir börn og innan raða allra listgreina eru eldhugar sem af ósérhlífni hafa dregið þann vagn. Barnamenningarsjóður Íslands er mikil bót og List fyrir alla hefur reynst vera vel heppnað verkefni sem skilað hefur miklu og verðmætu starfi. Það er ástæða til að efla það enn frekar, sé mönnum í raun alvara með áherslum um aukna barnamenningu.

Efla þarf verkefnið List fyrir alla. Eins þarf að fara að huga að því að tryggja framhald Barnamenningarsjóðs Íslands, sem rennur út samkvæmt lögum 2023.

Listaháskólinn

Í fjármálaáætlun er vikið að Listaháskólanum með þessum orðum:

"Stefna stjórnvalda er að efla listnáms og hefur Listaháskóla Íslands verið falið að vinna að þróun kvikmyndanáms á háskólastigi. ...auk þess sem þarfagreining fyrir framtíðarhúsnæði Listaháskóla

Íslands liggur fyrir, með skýrum valkostum sem tekið verður mið af við ákvarðanir við framtíðaruppbyggingu skólans."

Það eru því vonbrigði að ekki bóli á fjármagni í fjármálafrumvarpinu til þess að hefjast handa við lausn á þeim húsnæðisvanda sem hefur háð starfsemi Listaháskólans frá stofnun hans. LHÍ gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu þess atvinnulífs sem ríkisstjórnin hefur marglýst yfir að sé hennar framtíðarsýn – atvinnulíf sem byggir á nýsköpun og öflugum hugmyndaheimi skapandi greina. Því þarf að koma LHÍ í viðunandi húsnæði, það væri yfirlýsing sem myndi auka trúverðugleika þessarar stefnu.

Finna þarf lausn á húsnæðisvanda LHÍ og hefjast handa við uppbyggingu.

Miðstöðvar listgreina

BÍL fagnar samþykkt sviðslistalaga og stofnun Sviðslistamiðstöðvar og undirbúningi að stofnun Tónlistarmiðstöðvar, auk nýrra myndlistarlaga. Allt eru þetta áætlanir sem munu skýra og efla stjórnsýslu menningar og lista. Kvikmyndastefnan mun vonandi reynast okkur dýrmætt veganesti inn í skapandi framtíð. Að hluta er hún fjármögnuð í þessum fjárlögum en miðað við metnaðinn í þeirri stefnumótun mun meira fjármagn væntanlega þurfa að koma til.

BÍL fagnar uppbyggingu og eflingu miðstöðva og lagaumhverfis listgreina.

Listskreytingasjóður

Listskreytingasjóður hefur verið lagður niður. Á fjárlögum undanfarinna ára hefur þessi mikilvægi sjóður verið fjársveltur en nú horfir svo við að hann er tekin út af skráningu fjárlaga. Þetta er mikið óheillaspor, því fjárfesting hins opinbera í íslenskri samtímalist hefur verið starfi myndlistarmanna mikilvæg. En ekki síður hefur þetta mikla þýðingu fyrir allt umhverfi okkar, að fólk hafi aðgengi að samtímalist í sínu nærumhverfi og í opinberum stofnunum. Með því að leggja sjóðinn svona hugsunarlaust niður varð um leið eitt stærsta myndlistarsafn landsins munaðarlaust í einni svipan. Myndlist eftir marga af okkar lykilmyndlistarmönnum eru nú víða í stofnunum en án eftirlits eða umsýslu.

Huga þarf að lausn á vanda þessa mikla safns og mikilvæga starfi við endurskoðun myndlistarlaga.

Hagtölur

Skrásetning tölulegra upplýsinga er tíunduð í tvígang í fjármálaáætlun, sem er við hæfi því fátt er listgreininum mikilvægar en að því verki verði hraðað. Undanfarið ár hefur Hagstofa Íslands hefur haft þetta verkefni á sinni könnu en það gengur hægt. Ákveðið hefur verið að notast við aðferðafræði Eurostat, sem er það sem flest Evrópulönd nota í sinni skráningu. Það er ánægjulegt að verkefnið skuli vera komið af stað en það verður að sparka í klárinn og koma þessu verkefni í höfn. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það hversu dýrmætt það hefði reynst listamönnum og hinum skapandi greinum

Í því ástandi sem við höfum verið að fara í gegn um, að hafa reglulega og lýsandi skráningu á hagvísunum listgreina og menningar.

Á meðan aðrar þjóðir hafa geta flett upp í mælaborði sinna skapandi greina með heildstæðu yfirlit yfir vettvanginn, hafa íslenskir listamenn nánast þurft að standa í niðurlægjandi þrasi við stofnanir og stjórnmalamenn, færa fram rök fyrir tilvist sinni og staðið frammi fyrir dæmalausum rangfærslum um störf sín og atvinnuþáttöku.

Í lok sumars kom út skýrsla um stöðu listamanna og skapandi greinar á vegum OECD sem varpaði ljósi á mjög alvarlega stöðu listamanna á vinnumarkaði í kjölfar COVIT-19. Ástand þessa vinnumarkaðar var með sama hætti allsstaðar um hinn vestræna heim og allar þær kannanir sem BÍL, aðildarfélag þess og BHM gerðu á stöðu síns fólks hér á landi drógu upp sömu mynd. Ekki bara algjöru hrúni í tekjum og atvinnumöguleikum, heldur líka algjört úrræðaleyfi öryggiskerfis vinnumarkaðarins að taka á vanda þessa hóps. Það þarf fjármagn og áætlun til að skoða lausnir og úrræði fyrir þennan hóp á vinnumarkaði.

Það er algjört forgangsattriði að klára vinnu við reglulega skráningu hagvísna skapandi greina. Einnig þarf að koma til fjármagn til endurskoðunar á vinnumarkaðsúrræðum fólks sem starfar í listum, menningu og skapandi greinum

Starfslaun

Starfslauna- og verkefnasjóðir eru nokkrum sinnum nefndir í bæði fjámálaáætlun og frumvarpi og er það vel. BÍL hefur átt í samtali við ráðuneyti mennta- og menningarmála um þennan mikilvægasta þátt í listsköpun og starfsumhverfi íslenskra listamanna. Sú vinna hefur legið niðri frá því í vor þegar samkomubannið var fyrst sett á.

Það verður að ljúka þessari vinnu sem fyrst og koma þessu í höfn. Starfslaunasjóðirnir mynda kjölfestu í starfi og frumsköpun allra listgreina, þetta er sáttmáli sem þjóðin gerir við sína listamenn um aðgengi að þekkingu þeirra, tíma og listfengi og við höfum uppskorið ríkulega undanfarin ár. Hlutverk listamanna í sjálfsmýnd okkar og samtali er ótvírætt og vekur athygli út um allan heim. Það er trúverðug mynd, því listin er raunverulegur og mikilvægur hluti okkar daglega lífs.

Við síðustu úthlutun starfslauna fór árangurshlutfall umsókna niður í 14%. Nokkur aukning er í fjárlagafrumvarpinu í þennan lið, sem er jákvætt. Í upphafi setningar þeirra laga sem nú eru í gildi var jöfn aukning í starfslaunasjóðinn á milli ára. Koma þarf á sjálfsagðri aukningu í starfslaunasjóðinn miðað við fjölgun og aukið vægi listgreina í umsvifum hagkerfisins.

Ánægjuleg aukning í starfslunasjóð listamanna. Koma þarf á sjálfsagðri aukningu milli ára í starfslaunasjóðinn miðað við fjölgun og aukið vægi greinna í umsvifum hagkerfisins og ljúka endurkoðun laganna.

Íslensk tunga

Mikið er lagt upp úr átaki til eflingar íslenskunnar í fjárlagafrumvarpi og fjármálaáætlun. Sú áhersla er endurtekin, bæði undir kafla menningarstofnana og menningarsjóða. Listamenn hafa gert ákveðnar athugasemdir, í umræðum og umsögn um þingsályktun um eflingu íslenskunnar, að þar skorti alveg áherslur á hinn skapandi þátt tungumálsins, nefnilega skáldskapinn sem viðheldur lífi, leik og tilgangi í móðurmálinu. Listamenn fagna þessum áherslum, enda er þeim er fátt kærara en axla þessa ábyrgð og fagna því að þessar áherslur séu undir þessum liðum fjármálaáætlunar. Lífandi tungumál er hluti allrar listsköpunar; skáldskapar, kvikmyndagerðar, tónlistar, myndlistar og leiklistar.

Listamenn eru og verða áfram í fararbroddi við að stuðla að lífandi notkun tungumálsins. Efling listsköpunar er frumforsenda þess að allir aldurshópar líti á tungumálið sem sitt besta verkfæri til samskipta og tjáningar.

Lokaorð

Við erum að fara í gegnum undarlega tíma. Þrátt fyrir mikinn og alvarlegan samdrátt allra verkefna listamanna, finna þeir á tímum sem þessum enn frekar til ábyrgðar og við skynjum enn sterkar hversu listin er okkur sem samfélagi mikilvæg. Hlutverki listarinnar í samtali, samveru og tengingu milli hópa er ómdeilt. Listin færir okkur nær hvert öðru, hjálpar okkur að skilja okkur betur og dýpra sem samfélag, í öllum þeim fjölbreytileika sem listin býður uppá. Margar rannsóknir sýna svart á hvítu hversu þátttaka í listsköpun og það að njóta lista og menningar er mikilvægt andlegu og líkamlegu heilbrigði. Hlutverk og gildi listarinnar hefur því kannski sjaldan verið mikilvægara en akkúrat núna og í náinni framtíð.

Virðingarfyllst

Erling Jóhannesson
Forseti Bandalags íslenskra listamanna.

